

Er eftirsóknarvert að vera eyland?

Þjóðhagslegt mikilvægi erlendra
fjárfestingar

Efnahagssvið SA, febrúar 2017





Er eftirsóknarvert að vera eyland?

Opið hagkerfi bætir lífskjör

Erlend fjárfesting er þjóðhagslega mikilvæg

Fjórar leiðir til að auka samkeppnishæfni

Samantekt greiningarinnar: Erlend fjárfesting styrkir stöðu Íslands

- Opið hagkerfi bætir lífskjör.** Nokkuð góð samstaða er í dag um að lífskjör séu best og mest þegar verslun yfir landamæri er sem frjálsust. Fyrir litla eyþjóð eins og Íslendinga eru þessi sannindi óvenju mikilvæg og þó stödd í miðju Atlantshafi erum við ekki einangraðri en svo að við byggjum okkar velsæld að mestu á viðskiptum við aðrar þjóðir. Sannast hið fornkveðna að mest er verðmætasköpunin þegar ríki sérhæfa sig í því sem þau gera best og versla það sem þau vanhagar um erlendis.
- Tortryggni ríkir gagnvart erlendri fjárfestingu.** Einangrunarhyggja dæmist af sögunni og þó víða um lönd spretti nú upp raddir aflokunar og gamalla hugmynda, sem fyrir löngu hafa verið lagðar til hliðar af velmegandi þjóðum, sætir furðu að Íslendingar séu almennt neikvæðari gagnvart alþjóðavæðingu en nágrannaþjóðir. Ekki síst í ljósi þess að alþjóðavæðingin hefur á undraskömmum tíma gert Íslendinga að einni auðugustu þjóð veraldarsögunnar.
- Við eigum mikið undir.** Fámenn ríki eiga sérstaklega mikið undir í samstarfi við erlenda aðila við að nýta þau tækifæri sem fyrir eru í landinu og skapa önnur sem eru heimamönnum hulin. Vel menntuð, ung og fámenn þjóð í stóru landi ríku af náttúruauðlindum gerir Ísland að skólabókardæmi um land þar sem mikil not eru af erlendu fjármagni.
- Aukin áhættudreifing.** Ákveðna tortryggni á Íslandi gagnvart frjálsum fjármagnsflutningum má skilja í ljósi þeirra miklu sveiflna sem urðu árin fyrir og eftir 2008 þegar skammtímafjármagn erlendra aðila skapaði verulegt ójafnvægi á gjaldeyrismarkaði. Erlend fjárfesting er aftur á móti fjölbreytt og lítur ólíkum lögmálum eftir því hvers kyns hún er. Bein erlend fjárfesting er það form erlends fjármagns sem annars vegar felur í sér mikla hlutdeild í áhættu og hins vegar er varanlegra og því ólíklegra til að yfirgefa landið þegar á bjátar.

Samantekt greiningarinnar: Erlend fjárfesting styrkir stöðu Íslands

- 5. Erlend fjárfesting styrkir efnahagslegar stoðir.** Aukin erlend fjárfesting er til þess fallin að styrkja efnahagslegar stoðir landsins. Ísland, þó framarlega á mörgum sviðum, líður fyrir lága framleiðni, fábrotinn útflutning og of litla fjárfestingu. Aukin vigt erlendra aðila í íslensku hagkerfi myndi auka fjárfestingu, skapa betri tengsl við erlenda markaði og þannig auka framleiðslu og bæta markaðssetningu hennar á erlendum mörkuðum.
- 6. Hver er staðan í dag?** Erlend fjárfesting er töluverð á Íslandi og hefur verið að aukast síðustu ár. Fjárfestingarnar eru margar, ná til ólíkra atvinnugreina og skapa fjölbreytt störf. Ætla má að hið minnsta 6.500 manns starfi í dag fyrir fyrirtæki á Íslandi sem eru í erlendri eigu. Þrátt fyrir að aukning hafi orðið í erlendri fjárfestingu síðustu ár þá er umfangið minna en ætla mætti miðað við mannfjölda, en almennt er erlend fjárfesting umfangsmeiri í fámennari ríkjum.
- 7. Betur má ef duga skal.** Á næstu árum er mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum við að skapa hér samkeppnishæft og eftirsóknarvert rekstrarumhverfi. Við erum ekki sjálfum okkur nóg frekar en önnur stærri ríki og höfum allt að græða á því að fá hingað erlenda aðila. Erlendum aðilum fylgir nefnilega ekki bara fjármagn heldur oft á tíðum önnur nálgun og fjölbreyttari sýn.
- 8. Hvar getum við gert betur?** Ísland hefur margt til brunns að bera en ástæður þess að ekki hefur tekist að skapa samkeppnishæfara umhverfi fyrir alþjóðlega fjárfestingu má rekja bæði til pólitískra og efnahagslegra þátta. Á næstu síðu er að finna fjórar fljótvirkar leiðir til að auka samkeppnishæfni landsins.

Fjórar fljótvirkar leiðir til að auka samkeppnishæfni Íslands. Losun hafta, minna flækjustig, minni hömlur og aukin pólitísk víska. Ísland hefur margt til brunns að bera sem spennandi kostur fyrir erlenda fjárfesta.


1



Ljúka afnámi hafta

- Aðstæður til fullrar losunar hafta gætu vart verið betri. Mikilvægt er að stjórnvöld stigi skrefin til fulls og losi um öll höft.
- Höft, sama í hvaða formi, draga úr fjárfestingu og þar með áhuga erlendra aðila til að ráðstafa fjármunum sínum hér innanlands.


2



Minnka flækjustig

- Ísland er háskattaland. Skattkerfið hér á landi er óskilvirkt og flækjustigið mikið. Mörgu er ábótavant í rekstrarumhverfi fyrirtækja sem auðvelt er að bæta úr.
- Stjórnvöld ættu að halda áfram á þeirri vegferð að einfalda skattkerfið, auka skilvirkni og skapa svigrúm til að lækka álögur á fólk og fyrirtæki.


3



Draga úr hömlum

- Ísland skorar ekki hátt þegar kemur að aðgengi erlendra aðila að fjárfestinga-kostum hér á landi. Skýringuna má einkum rekja til þeirra miklu hamla sem komið hefur verið í kringum auðlindagreinar landsins.
- Lagt er til að stjórnvöld finni leiðir til að draga úr sértækum hömlum en tryggi um leið að auðlindir þjóðarinnar séu í höndum Íslendinga.

4



Draga úr pólitískri óvissu


- Of margar skattkerfisbreytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum. Fyrirsjáanlegt skattkerfi er lykilatriði ef laða á erlenda fjárfestingu til landsins.
- Skýr stefna frá stjórnvöldum og gagnsæ er mikilvæg.

Það er ekki eftirsóknarvert að vera eyland. Opið hagkerfi stuðlar að lægri vöxtum, aukinni fjárfestingu og verðmætasköpun sem stækkar hagkerfið og bætir lífskjör landsmanna.

Hver er ábati frjálsra fjármagnsflutninga?

1. Líkt og með önnur milliríkjavíðskipti þá eru viðskipti milli landa með fjármagn eftirsóknarverð fyrir bæði lánveitendur og lántaka, fjárfesta og frumkvöðla.
2. Opnir fjármagnsmarkaðir stuðla að lægra vaxtastigi, auka framleiðslugetu og verðmætasköpun. Betra aðgengi að fjármagni á betri kjörum leiðir til þess að verkefni sem áður borguðu sig ekki verða arðbær, auðlindir og mannauður lands nýtist betur.
3. Fjármagn er ekki einsleitt að því leyti að fjárfestar eru eins og annað fólk mismunandi með ólíka þekkingu, sýn og markmið. Fámenn ríki eiga sérstaklega mikið undir í samstarfi við erlenda aðila við að nýta þau tækifæri sem fyrir eru í landinu og skapa önnur sem eru heimamönnum hulin.

Opið hagkerfi stuðlar að aukinni verðmætasköpun



Verðmætasköpun verður mest í samstarfi opinna hagkerfa. Aukin samkeppni, áhættudreifing og betri nýting framleiðsluþátta stuðla að aukinni framleiðni.

1

Utanríkisviðskipti eru jákvæð fyrir innlendan efnahag

Viðskipti með fjármagn milli landa eykur sérhæfingu og auðveldar ríkjum framleiðslu á því sem þau hafa hlutfallslega yfirburði í. Að sama skapi skapar það möguleika á aukinni stærðarhagkvæmni og ýtir undir samkeppni innan sem utan landamæra.

2

Fjárfestingar yfir landamæri dreifa áhættu

Aðgangur að erlendu fjármagni sem og möguleikar innlends fjármagns að leita úr landi gerir fjárfestum, fyrirtækjum og einstaklingum kleift að áhættudreifa eignum sínum og rekstri. Dreifð áhætta gerir aðila minna útsetta fyrir staðbundnum áföllum hvort sem það eru fjármála- eða náttúruáföll.

3

Fjármagn er fjölbreytt og margslungið

Fjármagn er ekki bara peningar á bankabók heldur ávísun á takmörkuð verðmæti, sama hvort þau eru mannauður, tæki eða annað sem nýtist til neyslu eða framleiðslu frekari verðmæta.

4

Fjármagn leitar þangað sem mest not er fyrir það

Fjárfestar hafa hvata til að flytja fjármagn þangað sem að skapar mest verðmæti. Því meira frelsi sem ríkir í fjármagnsflutningum, því fleiri tækifæri standa fjárfestum til boða og því meiri verðmæti eru sköpuð úr takmörkuðum auðlindum jarðar.

Aukin
samkeppni

Áhættudreifing



Betri nýting
takmarkaðra
auðlinda

Aukinn
hagvöxtur

Íslendingar eru skólabókardæmi um þjóð sem not hefur fyrir erlent fjármagn

Íslendingar eru ungir...

Miðgildi aldurs íbúa

40 ára



36 ára




- Ungar þjóðir njóta góðs af erlendu fjármagni þar sem að einstaklingar skuldsetja sig yfirleitt snemma á lífsleiðinni og byggja upp sparnað eftir því sem þeir eldast.
- Hátt hlutfall fólks á vinnufærum aldri skapar einnig tækifæri til atvinnuuppbyggingar sem auðveldara er að nýta með aðgangi að erlendu fjármagni.

... fáir í stóru landi...

Fjöldi íbúa á hvern ferkílómetra

142 íbúar



3,3 íbúar



- Íslendingar eru ein dreifbýlasta þjóð heims í landi ríku af náttúruauðlindum. Í fámenninu felast mikil tækifæri en um leið takmarkanir.
- Erlendir fjárfestar geta aðstoðað heimamenn við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og að sama skapi komið með ný verkefni og með því stuðlað að fjölbreyttara og öflugra hagkerfi.

... og vel menntaðir

Menntunarskjal SP 2014

0,836



0,853




- Hátt menntunarstig á Íslandi gerir vinnumarkaðinn móttækilegri fyrir tækni-nýjungum og skapar svigrúm fyrir verðmætari störf.
- Erlend fjárfesting sem krefst hugvits og tækniþekkingar sækir í menntað vinnuafli og með því berst þekking og aukinn hvati til menntunar í innlendu hagkerfi.

Það er áhyggjuefni hversu neikvæðir Íslendingar eru gagnvart alþjóðavæðingu

Bankar, brask, svindl, bull, neikvætt, aflandsfélög, auðmenn, bankahrún, gjaldeyrishöft er það fyrsta sem kemur í huga hjá mörgum þegar þau heyra orðið erlend fjárfesting.

Viðhorf þjóða gagnvart alþjóðavæðingu (0-10)



Íslendingar gjalda frekar varhug við erlendri fjárfestingu en erlendri verslun. Telja einhverjir að verðmætin fari að mestu úr landi og mest er tortryggnin gagnvart fjárfestingum erlendra aðila í auðlindagreinum.

Afstaða til almennra 5 punkta spurninga
(einkunn 0 – 5)

Hversu mikinn eða lítinn ávinning telur þú af frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu milli landa?




Hversu mikinn eða lítinn ávinning telur þú af frjálsu flæði fjármagns milli landa?



Ertu sammála eða ósammála því að erlend fyrirtæki á Íslandi hagnist yfirleitt á kostnað íslensks samfélags?



Hversu mikinn eða lítinn ávinning telur þú af því að auka erlenda fjárfestingu í ...?



Opið hagkerfi bætir lífskjör: Ábatinn er mikill sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun, lægri vöxtum og aukinni áhættudreifingu. Ísland er skólabókardæmi um þjóð sem hefur not fyrir erlent fjármagn.


1



Ábatinn er mikill...

- Viðskipti milli landa eru eftirsóknarverð fyrir alla þá er löndin byggja.
- Opnir fjármagnsmarkaðir stuðla að lægra vaxtastigi, auka framleiðslugetu og verðmætasköpun.
- Betti nýting auðlinda, mannauðs og fjármagns stuðlar að aukinni framleiðni.

2



...einkum fyrir smærri þjóðir

- Íslendingar eru skólabókardæmi um þjóð sem not hefur fyrir erlent fjármagn.
- Ungar þjóðir njóta góðs af erlendu fjármagni, aðstoð erlendis frá getur hjálpað fámennum ríkjum. Hátt menntunarstig hérlendis er kostur.
- Erlent fjármagn getur ýtt undir öflugra og fjölbreyttara hagkerfi. Áhrifin eru meiri því smærri sem hagkerfinu eru.

3



Viðhorf þarf að breytast

- Þrátt fyrir mikinn ábata sem fylgir erlendra fjárfestingu endurspeglast það ekki í viðhorfum landsmanna.
- Fræða þarf landsmenn um mikilvægi frjálsra fjármagnsviðskipta.



Er eftirsóknarvert að vera eyland?

Opið hagkerfi bætir lífskjör

Erlend fjárfesting er þjóðhagslega mikilvæg

Fjórar leiðir til að auka samkeppnishæfni

Erlend fjárfesting er misjöfn að formi og eiginleikum. Bein erlend fjárfesting er það form erlends fjármagns sem bæði er varanlegt og felur í sér mikla áhættuhlutdeild.

Fyrir ríki sem opnar dyrnar fyrir erlendu fjármagni skiptir miklu upp á efnahagslegan stöðugleika hvers kyns fjárfestingin er.


- **Er fjárfestingin varanleg?** Þ.e. hvort líklegt sé að féð yfirgefi landið með litlum fyrirvara.
- **Að hve miklu leyti tekur fjárfestirinn þátt í áhættu verkefnisins?** Þ.e. hvort fjárfestirinn eigi hlutdeild í velgengi eða óförum þess.

Erlendu fjármagni sem leitar hingað til lands má í grunninn skipta í tvo flokka.

1. **Lánveiting** á litla hlutdeild í áhættu en getur verið bæði til skamms eða langs tíma.
2. **Fjárfesting** á mikla hlutdeild í áhættu en getur verið bæði seljanleg og kvik, eða bundin og því varanlegri og ólíklegri til að yfirgefa landið. Bein erlend fjárfesting er oft á tíðum varanlegri fjárfesting en önnur form af erlendis fjárfestingu.


Bein erlend fjárfesting er þegar erlendur aðili fjárfestir fyrir 10% eða meira af eiginfé í innlendum fyrirtækjum.

Erlend fjárfesting er ekki öll jafn varanleg



Snögg útlæði fjármagns getur valdið miklum búsifjum. Mikilvægt er því að takmarka þjóðhagslega áhættu og gegnir bein erlend fjárfesting þar lykilhlutverki.

Fjármagnshreyfingar til landsins eftir eðli fjárfestinga (ma.kr.)



Erlend fjárfesting er mikilvæg viðbót fyrir innlent hagkerfi. Meirihluti verðmæta verður eftir í landinu.



Alþjóðleg samvinna

Það dregur úr kerfislegri áhættu að ekki séu bara íslenskir fjármunir undir í innlendum atvinnurekstri og skapar svigrúm til áhættudreifingar.



Rekstrarkostnaður að mestu innlendir

Þó erlendir fjárfestar vilji líkt og aðrir fá arð af sínum fjárfestingum þá eru rekstrarkostnaður að mestu innlendir.



Störf og skatttekjur

Virðisaukinn af fjárfestingunni verður að mestu leyti eftir í landinu í formi launa, fjárfestinga, kaupa á innlendum aðföngum auk skatta og gjalda




Afleiddur virðisauki

Viðbótin af fjárfestingunni er auk beinna tekna innlendra aðila, aukin þekking og reynsla, alþjóðleg sambönd og tengsl við erlenda markaði.

Heimild: Viðskiptaráð, Efnahagssvið SA

Meirihluti verðmæta verður eftir í landinu


Dæmi um skiptingu heildarveltu hjá íslensku fyrirtæki sem flokkast sem erlend fjárfesting



Erlend fjárfesting er til þess fallin að styrkja hagrænar brotalamir

1. Lág framleiðni á Íslandi


Framleiðni vinnuafls
Kaupmáttaleiðrétt, BNA = 100



Framleiðni er lág í alþjóðlegum samanburði og hana þarf að auka. Undirstaða bættra lífskjara er aukin framleiðni vinnuafls en hún er besta leiðin til að auka kaupmátt almennings. Ein helsta áskorun íslensks efnahagslífs er hvernig auka megi verðmætasköpun í hagkerfinu.

2. Fábrotinn útflutningur


Fjölbreytni vöruútflutnings 2014
- vísitala, því lægri sem vísitalan er því meiri er fábreytnin



Íslenskur útflutningur er fábrotinn. Hann er sérhæfður og einskorðast að mestu við fáar atvinnugreinar. Náttúruauðlindir gegna mikilvægu hlutverki í útflutningi Íslands en um 80% af útflutningi er bundinn við náttúruauðlindir.

3. Lág fjárfestingarstig

Fjárfestingastig árið 2015
- fjárfesting sem hlutfall af VLF



Fjárfestingastigið er lágt og uppsöfnuð fjárfestingaþörf til staðar. Smáríki eiga oftast erfiðara með að standa undir innlendri fjárfestingaþörf, ein og óstudd. Mikilvægt er að opið sé fyrir aðkomu erlends fjármagns t.a.m. við uppbyggingu innviða og mannvirkja auk annarra álitlegra verkefna.

1. Aukin framleiðni: Aukin samkeppni, betri nýting auðlinda, fjármagns og mannauðs skilar auknum verðmætum og betri lífskjörum. Áhrif erlendra fjárfestingar eru meiri því minni sem hagkerfin eru.




Bein áhrif erlendra fjárfestingar


- Samkeppni eykst auk þess sem fjölbreytnin verður meiri og áhættu er dreift milli fleiri aðila.
- Erlent fjármagn er oft á tíðum mikilvæg viðbót fyrir heimalandið.
- Ýmsar fjárfestingar verða mögulegar sem annars væru ekki vegna skorts á fjármagni.

Smitunaráhrif erlendra fjárfestingar


- Innlendir aðilar tileinka sér þekkingu og nýjungar sem flutt er inn.
- Tengsl við erlenda markaði aukast sem nýtist við að koma íslenskum vörum á markað erlendis.




2. Fjölbreytni: Erlend fjárfesting stuðlar að fjölbreyttari útflutningi. Innlendir efnahagur verður ekki eins útsettur fyrir einstaka áföllum. Fjölbreyttara atvinnulíf skapar fjölbreyttari störf og tækifæri fyrir mannauðinn í landinu.




Útflutningur á vörum og þjónustu
2015 í milljörðum kr.



Fjölbreytni vöruútflutnings
- vísitala, því hærrí sem vísitalan er því meiri er fjölbreytnin



3. Aukin fjárfesting: Uppsöfnuð fjárfestingaþörf skapar náttúrulega þörf fyrir innlent og erlent fjármagn.



Sérstaða Íslands



Ung þjóð

Almennt er ungt fólk með neikvæðan sparnað, það þarf lánsfjármagn til kaupa á fyrstu eign eða sækja sér menntun.

Í dag eru 50% þjóðarinnar undir 35 ára aldri. Skuldirnar minnka með aldrinum samfara því sem eignir vaxa.

Í ljósi þessa þarf sparnaður að koma erlendis frá m.ö.o. flytja þarf inn erlendan sparnað til að fjárfesta innanlands.




Fámenn þjóð

Smáriki eiga erfiðara með að standa undir öllum þeim fjárfestingum sem þörf er á, ein og óstudd.


Mikilvægt er að fjármagn komi erlendis frá til uppbygginga innviða og annarra framkvæmda, stórra sem smárra.

Fjárfestingastig árið 2015
- fjárfesting sem hlutfall af VLF



Erlend fjárfesting er þjóðhagslega mikilvæg: Aukin áhættudreifing, mikilvægt viðbót þar sem meirihluti verðmæta verður eftir í hagkerfinu. Erlend fjárfesting stuðlar að fjölbreytni, aukinni fjárfestingu og framleiðni.

1



Aukin áhættudreifing

- Erlend fjárfesting er misjöfn að formi og eiginleikum.
- Í gegnum íslensku sveiflurnar hefur bein erlend fjárfesting reynst þolinmóðasta fjármagnið, enda það form erlends fjármagns sem bæði er varanlegt og felur í sér mikla áhættuhlutdeild.
- Fyrir litla þjóð eins og Ísland er mikilvægt að stuðla að fjölbreytni til að takmarka þjóðhagslega áhættu og gegnir bein erlend fjárfesting þar lykilhlutverki.


2



Mikilvæg viðbót

- Bein erlend fjárfesting er mikilvæg viðbót fyrir innlent hagkerfi.
- Meirihluti verðmæta verður eftir í hagkerfinu í formi launa, fjárfestinga og kaupa á innlendum aðföngum auk skatta og gjalda.

3



Styrkir hagrænar brotalamir

- Erlend fjárfesting er til þess fallinn að styrkja hagrænar brotalamir í íslensku hagkerfi.
- Lág framleiðni, fáabrotinn útflutningur og lágt fjárfestingastig er vandi sem íslenskt hagkerfi glímir við í dag. Erlend fjárfesting getur hjálpað okkur að takast á við þau vandamál.



Er eftirsóknarvert að vera eyland?

Opið hagkerfi bætir lífskjör

Erlend fjárfesting er þjóðhagslega miklvæg.

Fjórar leiðir til að auka samkeppnishæfni

Bein erlend fjárfesting er töluverð á Íslandi

Orkuháður iðnaður



Þjónusta



Upplýsinga- og samskiptatækni



Smásala og heildsala



Byggingaverktakar



Fiskeldi



Líf- og heilsutækni



Annað



Ekki tæmandi listi yfir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi

Ríflega 6.500 manns starfa hjá fyrirtækjum sem flokkast sem erlend fjárfesting. Fyrirtækin skapa fjölbreytt og ólík störf, tekjur fyrir hið opinbera og áhættu er dreift milli innlendra og erlendra aðila.



Dæmi áhrif erlendrar fjárfestingar á íslenskt hagkerfi:

- 1 Bein erlend fjárfesting stendur undir að minnsta kosti ríflega **6.500 störfum** í landinu. Listinn hér til vinstri er þó ekki tæmandi.
- 2 Fjárfestingarnar eru margar og ólíkar. Störfin sem orðin hafa til eru **fjölbreytt og ólík störf**.
- 3 Fyrirtækin greiða **skatta og gjöld** til hins opinbera.
- 4 Fjármögnun kemur að hluta eða öllu leyti erlendis frá. **Áhættunni er dreift** milli innlendra og erlendra aðila.

Umfang erlendrar fjárfestingar hefur verið talsverð frá árinu 2009. Að stórum hluta hefur slík fjárfesting komið í gegnum fjárfestingarleið Seðlabankans.

Bein erlend fjárfesting hefur verið talsverð síðustu ár...

- Á árunum 2009-2015 nam uppsöfnuð bein erlend fjárfesting á Íslandi 13,5% af landsframleiðslu.
- Erlend fjárfesting hefur því verið í meðallagi að umfangi miðað við önnur ríki sem við viljum bera okkur saman við.


...en rúmlega helmingur í gegnum fjárfestingaleið Seðlabankans

- Frá árinu 2012 til ársbyrjunar 2015 stóð Seðlabanki Íslands fyrir útboði á krónum á afslætti í gegnum svokallaða fjárfestingaleið.
- Fjárfestingaleiðin var liður í áætlun stjórnvalda í tengslum við losun hafta. Bauðst innlendum og erlendum aðilum að taka þátt í slíkum útboði.
- Í heild námu fjárfestingar erlendra aðila í gegnum útboðsleiðina 134 milljörðum króna.

Heimildir: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs SA

Bein erlend fjárfesting á árunum 2009-2015

- sem hlutfall af VLF



*Hreinsað fyrir erlenda fjárfestingu innlendra aðila eða tengdra aðila. Mat efnahagssviðs byggir á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

Umfang erlendra fjárfestingar er hins vegar minna en ætla mætti út frá smæð landsins. Ryðja þarf úr vegi þeim þröskuldum sem halda aftur af erlendri fjárfestingu á Íslandi.


Hvar stöndum við?

- Umfangið er minna en ætla mætti miðað við mannfjölda, en almennt er erlend fjárfesting umfangsmeiri í fámennari ríkjum.
- Á árunum 2009-2015 nam bein erlend fjárfesting 13,5% af VLF sem er helmingi minna að umfangi en ætla mætti út frá smæð landsins.





Hvernig komumst við lengra?

- Ísland skorar ekki hátt í samanburði á samkeppnishæfni þjóða þar sem mat er lagt á fjölda þátta sem skipta máli fyrir rekstur fyrirtækja.
- Land og þjóð hefur þó margt til brunns að bera en ástæður þess að ekki hefur tekist að skapa samkeppnishæfara umhverfi fyrir alþjóðlega fjárfestingu má rekja bæði til pólitískra og efnahagslegra þátta.

Mannfjöldi og uppsöfnuð bein erlend fjárfesting
Á árunum 2009-2015




Rammalöggjöf var skref í rétta átt frá sérsamningum til að tryggja að allir lúta sömu leikreglum. Betur má ef duga skal. Samkeppnishæft umhverfi uppfyllir allar kröfur.

	Skýrar leikreglur	Eingöngu arðsemissjónarmið	Allir lúta sömu leikreglum	Athugasemdir
Sérsamningar				<ul style="list-style-type: none">▪ Sérsamningar um ívilnanir við erlenda fjárfesta.▪ Fyrirkomulagið á Íslandi til ársins 2010.▪ Sértekir samningar og óskýrar leikreglur.
Rammalöggjöf				<ul style="list-style-type: none">▪ Rammalöggjöf sem ívilnanir þurfa að rúmast innan▪ Skref í rétta átt þar sem allir lúta sömu leikreglum.▪ Varast ber þó að bjóða upp á ívilnanir sem byggja ekki á arðsemissjónarmiðum fyrir hið opinbera og fyrirtækin sjálf.
Samkeppnishæft umhverfi fyrir alla				<ul style="list-style-type: none">▪ Almennt samkeppnishæft umhverfi fyrir alla rekstraraðila er besta leiðin til þess að laða að erlent fjármagn.


Aukin samkeppnishæfni er lykilatriði til að laða erlenda fjárfesta til landsins. Samkeppnishæfnin lét mjög á sjá í kjölfar bankahruns og setningu gjaldeyrishafta. Of hægt gengur að endurheimta fyrri stöðu.

Ísland og Norðurlöndin: Þróun á samkeppnishæfni
Frá 1. sæti til 60. sæti



*Árið 2008 og 2009 var Ísland ekki hluti af úttekt IMD um samkeppnishæfni þjóða

Fjórar fljótvirkar ráðstafanir til að auka samkeppnishæfni landsins



1. Stíga skrefið til fulls og ljúka afnámi hafta. Haftalosun er tekin í hænuskrefum þrátt fyrir að aðstæður gætu vart verið betri

Helstu breytingar á reglum um gjaldeyrismál 2017

- A** Heimilt að flytja innistæður og verðbréf til og frá landinu fyrir allt að 100 milljónir króna.
- B** Bein erlend fjárfesting er ótakmörkuð en háð staðfestingu Seðlabankans.
- C** Fjárfestingar í erlendum fjármálagerningum heimil fyrir allt að 100 milljónir króna.
- D** Einstaklingum heimilt að kaupa eina fasteign erlendis á hverju ári.
- E** Einstaklingar þurfa ekki lengur að framvísa farseðli við kaup á erlendum gjaldeyri.


Stíga skrefið til fulls og losa um öll höft:

Samtök atvinnulífsins leggja til að lögum um gjaldeyrismál verði breytt þannig að fjárfestingar innlendra og erlendra aðila verði hvorki háð staðfestingu Seðlabankans né lúti fjárhæðatakmörkunum. Lagt er til að gjaldeyriseftirlitið verði lagt niður.




2. Einfalda skattkerfið. Óskilvirkt skattkerfi og háir skattar flækja viðskipti og draga úr fjárfestingu

Flókið tollakerfi




Óskilvirkt skattkerfi




Skattheimta með því mesta sem þekktist

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2015
leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga¹ (% af landsframleiðslu)



Hátt tryggingagjald


Samband tryggingagjalds og atvinnuleysis



*M.v. meðaltekjur; ** Árið 2013


Letjandi jaðarskattar

Jaðarskattur einstakra hópa




2. Minnka flækjustig rekstrarumhverfis. Mörgu er ábótavant í almennu rekstarumhverfi fyrirtækja.

Hversu auðvelt er að stunda viðskipti?
- sæti Íslands eftir flokkum meðal OECD




Hvar erum við helst eftirbátar hinna Norðurlandanna?




Viðskipti yfir landamæri

- Tímafrek og kostnaðarsöm skjalagerð fyrir inn- og útflutning
- Flókið tollakerfi




Framfylgni samninga

- Tímafrekt að fá úr deilumálum skorið fyrir dómstólum



Greiðsla skatta

- Greiðsludagar umtalsvert fleiri en annars staðar
- Óskilvirkt skattkerfi




Hefja rekstur

- Mörg leyfi og vottanir sem þarf að sækja áður en hefja má rekstur.

3. Draga úr sértekum hömlum. Ísland skorar ekki hátt í mati á því hversu opið hagkerfið er gagnvart erlendri fjárfestingu.

Hversu opin eru ríki fyrir erlendri fjárfestingu?
vísitala, frá 0 (engar hömlur) til 1 (lokað)




Af hverju er Ísland að skora svona lágt?

Fyrst og fremst má það rekja til þess að fjárfestingar erlendra aðila í ákveðnum atvinnugreinum eru háðar ákveðnum takmörkunum:


- Sjávarútvegur (eign yfir 25%)
- Flugrekstri (eign yfir 49%)
- Virkjanaréttindi (aðeins opið fyrir aðila innan EES)
- Kaupum og leigu á lóðum í atvinnuskyni

Hversu opin eru ríki fyrir erlendri fjárfestingu?
vísitala, frá 0 (engar hömlur) til 1 (lokað)



4. Aukið gagnsæi og framsýn stefna dregur úr pólitískri áhættu. Yfir 200 skattbreytingar hafa átt sér stað á síðustu 10 árum.

Fjöldi skattkerfisbreytinga frá árinu 2008



Heimild: Viðskiptaráð

Pólitísk áhætta

Lítill fyrirsjáanleiki í rekstrarumhverfi fyrirtækja getur haft fælandi áhrif á erlenda fjárfesta sem huga að því að fjárfesta á Íslandi.

Á síðustu 10 árum hafa átt sér stað **211 breytingar á skattkerfinu** og fjölmargir nýir skattar teknir upp, t.d.:

- Orkuskattur
- Gistináttagjald
- Bankaskattar
- Kolefnisgjald
- Hátekjuskattur*
- Auðlegðarskattur*

*Fallinn úr gildi

Í aðdraganda og í kjölfar nýliðinna hafa einnig komið upp fjölmargar hugmyndir um nýja skatta:

- Komugjald ferðamanna
- Ferðamannaskattur
- Tobin skattur
- Skattar á gjaldmiðlabrask
- Skattar á skammtímahagnað
- Auðlindagjald
- Lífeyrissjóðaskattur
- Grænir skattar

Vandræðagangur stjórnvalda hefur valdið óvissu

Kísilver PCC á Bakka

**Stöðva framkvæmdir við
Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu**

Innlent | Morgunblaðið | 22.8.2016 | 5:30 | Uppfært 29.8.2016 11:05

Líkar þetta 38

Milljónatap á dag og vetur í vændum

**Lýsa þungum áhyggjum vegna
stöðvunar línulagnar til Bakka**

Innlent | mbl | 21.8.2016 | 19:37 | Uppfært 29.8.2016 11:01

Tafir heimatilbúinn vandi

**Samþykkja Kröflulínu en fella
Þeistareykjalínu**

Innlent | mbl | 6.9.2016 | 15:59

Gæti þýtt gjaldþrot Norðurþings

Álver Norðuráls í Helguvík

**HS Orka getur ekki tekið þátt í
stóriðjuverkefnum - Föst í samningi við óbyggt
álver í Helguvík**

**Orka HS Orku bundin við álver í
Helguvík**

Föstudagur 20.11.2015 - 16:55 - Ummæli (3)

Álver í Helguvík svo gott sem slegið út af borðinu

Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ telja ólíklegt að álver Norðuráls muni rísa í Helguvík og er nokkuð síðan bærinn hætti við að gera ráð fyrir álverinu í fjárhagsspám sínum.

**Norðurál í Helguvík tapar milljarði á
ári**

Álver í Helguvík í strand

Forstjóri Century Aluminium sagði á fundi með Bank of America að álver í Helguvík yrði ekki byggt við núverandi aðstæður.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

HS orka þarf ekki að selja álveri orku

01.12.2016 - 10:00 Atvinnulíf · Innlent · Reykjanesbær

f t g+ e

Fjórar fljótvirkar leiðir til að auka samkeppnishæfni Íslands. Losun hafta, minna flækjustig, minni hömlur og aukin pólitísk víska. Ísland hefur margt til brunns að bera sem spennandi kostur fyrir erlenda fjárfesta.


1



Ljúka afnámi hafta

- Aðstæður til fullrar losunar hafta gætu vart verið betri. Mikilvægt er að stjórnvöld stigi skrefin til fulls og losi um öll höft.
- Höft, sama í hvaða formi, draga úr fjárfestingu og þar með áhuga erlendra aðila til að ráðstafa fjármunum sínum hér innanlands.


2



Minnka flækjustig

- Ísland er háskattaland. Skattkerfið hér á landi er óskilvirkt og flækjustigið mikið. Mörgu er ábótavant í rekstrarumhverfi fyrirtækja sem auðvelt er að bæta úr.
- Stjórnvöld ættu að halda áfram á þeirri vegferð að einfalda skattkerfið, auka skilvirkni og skapa svigrúm til að lækka álögur á fólk og fyrirtæki.


3



Draga úr hömlum

- Ísland skorar ekki hátt þegar kemur að aðgengi erlendra aðila að fjárfestinga-kostum hér á landi. Skýringuna má einkum rekja til þeirra miklu hamla sem komið hefur verið í kringum auðlindagreinar landsins.
- Lagt er til að stjórnvöld finni leiðir til að draga úr sértækum hömlum en tryggi um leið að auðlindir þjóðarinnar séu í höndum Íslendinga.

4



Draga úr pólitískri óvissu

- Of margar skattkerfisbreytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum. Fyrirsjáanlegt skattkerfi er lykilatriði ef laða á erlenda fjárfestingu til landsins.
- Skýr stefna frá stjórnvöldum og gagnsæ er mikilvæg.

Efnahagssvið SA



Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður efnahagssviðs
asdis@sa.is
sími: 591-0080



Óttar Snædal
Hagfræðingur á efnahagssviði
ottar@sa.is
sími: 591-0082



Tryggvi Másson
Viðskiptafræðingur á efnahagssviði
tryggvi@sa.is
sími: 591-0083



@atvinnulifid



@atvinnulifid



@efnahagssvidSA